

Sigrún Daníelsdóttir

## Áhugi og nýting á námsefninu *Vinir Zippýs* í grunnskólum á Íslandi

*Vinir Zippýs* er lífsleiknínámsefni fyrir 5–7 ára börn sem miðar að því að efla bjargráð ungra barna og hæfni þeirra til að takast á við erfiðleika í lífinu. Námsefnið hefur verið kennt í leik- og grunnskólum hér á landi síðan árið 2007. Vorið 2012 stóð Embætti landlæknis fyrir nafnlausri netkönnun á meðal starfsfólks grunnskóla til að kanna núverandi stöðu og nýtingu á námsefninu hér á landi. Nánast allir svarendur höfðu heyrt um *Vinir Zippýs* og meirihluti greindi frá því að kennarar við skóla þeirra hefðu sótt námskeið í kennslu námsefnisins. Flestir sem höfðu reynt af kennslu efnisins greindu frá ánægju með það og töldu efnið hafa haft jákvæð áhrif á skólastarfið, meðal annars í þá veru að samskipti milli nemenda væru betri, að börnin ættu auðveldara með að tjá sig og þau sýndu meiri velvild og samkennd. Einnig komu fram frá kennurum ábendingar um hvernig hægt væri að bæta náms-efnið. Þessar niðurstöður sýna að góð reynsla er komin á kennslu námsefnisins *Vinir Zippýs* í grunnskólum landsins og þeir sem hafa reynt af kennslu þess greina frá mikilvægum ávinningi fyrir börn. Vert er að hvetja kennara í leikskólum og yngsta stigi grunnskóla til þess að kynna sér þetta námsefni og íhuga að bjóða það sem hluta af þeirri lífsleikni og geðrækt sem stendur ungum börnum til boða í skólakerfinu.

Sigrún Daníelsdóttir (sigrun@landlaeknir.is) er verkefnisstjóri geðræktar við Embætti landlæknis.

### **Interest in and application of the curriculum programme *Zippy's Friends* in Icelandic primary schools**

*Zippy's Friends* is a life skills curriculum for 5–7 year old children that aims to improve young children's coping skills and their ability to handle life's adversities. The programme has been taught in Icelandic kindergartens and primary schools since 2007. In the spring of 2012, an anonymous Internet survey was sent to primary school administrators to assess the current status and utilization of the programme in Iceland. Almost all respondents had heard of *Zippy's Friends*, and the majority reported that teachers at their school had received training to teach it. Most of those who had experience in teaching *Zippy's Friends* reported satisfaction with the programme and believed it had had positive effects on school life and activities. Among the positive effects reported by teachers were that the children were better able to express their feelings and that communications between children had improved, with children reportedly showing increased empathy and good-will. Respondents also made a few suggestions on how the programme could be improved. These results show that *Zippy's Friends* is now well established within the Icelandic school system, and those who have taught the programme report valuable benefits for children. It is important to encourage teachers in kindergartens and the younger grades to familiarize themselves with the programme and consider offering it as part of the life skills and mental health education currently available to younger children in school.

Sigrún Daníelsdóttir (sigrun@landlaeknir.is) is project manager at the Directorate of Health.

## **Inngangur**

*Vinir Zippýs* er lífsleikninámefni sem miðar að því að efla bjargráð ungra barna og hæfni þeirra til að takast á við erfiðleika í lífinu. Náms efnið er ætlað börnum á aldrinum 5 til 7 ára og byggir á sex grunnþáttum sem fjalla um atriði eins og vináttu, samskipti, einmana-leika og missi. Náms efnið hefur verið kennt í leik- og grunnskólum á Íslandi síðan árið 2007 og hafa þegar nærri 700 kennarar frá yfir 100 skólum sótt námskeið í kennslu þess. Embætti landlæknis er umsjónaraðili *Vina Zippýs* á Íslandi. Til þess að kanna núverandi áhuga og nýtingu á námsefninu í grunnskólum landsins sendi Embætti landlæknis út könnun til skólanna vorið 2012 og verður hér gerð stuttlega grein fyrir niðurstöðum þessarar könnunar.

## **Þátttakendur**

Netkönnunin var send til stjórnenda 167 af þeim 175 grunnskólum sem á landinu eru. Ekki náðist í sjö skólanna gegnum uppgefin netföng eða skólarnir höfðu ekki nemendur á því stigi sem efnið beindist að (5 til 7 ára). Alls fengu því 160 grunnskólar formlega beiðni um þátttöku. Af þeim tóku 120 þátt í könnuninni (75% þátttaka) og bárust svör þátttakenda á tímabilinu 11. til 20. apríl 2012. Svarendur könnunarinnar voru kennarar á yngsta stigi (45%), skólastjórar (35%), aðstoðaskólastórar (8%) og aðrir (6%), svo sem verk-efnastjórar í lífsleikni og sérkennarar. Könnunin var nafnlaus og því ekki hægt að rekja svör til einstakra þátttakenda eða vinnustaða þeirra.

## **Þekking og nýting á efninu**


Nánast allir svarendur höfðu heyrt af námsefninu um vini Zippýs (96%) en þátttakendur voru beðnir um að svara óháð því hvort efnið hefði verið kennt við skólann þeirra eða ekki. Meirihluti svarenda greindi einnig frá því að kennarar (74%) við skólann þeirra hefðu sótt námskeið um námsefnið.

Alls greindu 87 svarendur (73%) frá því að námsefnið *Vinir Zippýs* hefði verið kennt í skólanum þeirra og 50 (42%) sögðu að enn væri verið að kenna námsefnið við skólann.

## Áhugi og nýting á námsefninu *Vinir Zippýs* í grunnskólum á Íslandi

Fimmtíu og þrír (44%) greindu frá því að áhugi væri á áframhaldandi nýtingu efnisins í skólanum og 51 (43%) sögðu að stefnt væri að því að það yrði kennt áfram á komandi vetri. Af þeim sem sögðu að námsefnið hefði verið ekki kennt í skólanum þeirra til þessa höfðu 62% (18 svarendur) áhuga á því að það yrði kennt.


Miðað við þessar tölur hafa um 60% þeirra sem byrjað hafa kennslu á námsefninu haldið því áfram. Þeir sem greindu frá því að kennslu hefði verið hætt nefndu oftast tímaskort sem megin ástæðuna. Á *Mynd 1* má sjá helstu ástæður sem gefnar voru fyrir því að hætt hefði verið að kenna *Vini Zippýs*:




**Mynd 1 – Fjöldi svarenda sem nefndi ofangreindar ástæður fyrir því að kennslu *Vina Zippýs* var hætt í skólanum. Svarendur gátu merkt við fleiri en einn möguleika.**

## Mat á námsefninu

Af þeim sem höfðu nýtt sér námsefnið greindu langflestir frá ánægju með efnið, en 84% töldu frekar eða mjög mikla ánægju ríkja með það meðal kennara og 79% töldu frekar eða mjög mikila ánægju ríkja með efnið meðal nemenda. *Mynd 2* og *Mynd 3* sýna skiptingu svara.




**Mynd 2 – Hlutfallsleg dreifing svara við spurningunni „Hversu mikil ánægja eða óánægja ríkir með námsefninu meðal kennara að þínu mati?“**



**Mynd 3 – Hlutfallsleg dreifing svara við spurningunni „Hversu mikil ánægja eða óánægja ríkir með námsefnið meðal nemenda að þínu mati?“**

Um helmingur (48%) svarenda taldi námsefnið hafa auðveldað skólastarfið að einhverju leyti og nefndu flestir að samskipti milli nemenda væru betri sem og börnin ættu auðveldara með að tjá sig. Á *Mynd 4* má sjá þær ástæður sem svarendur merktu við varðandi hvernig námsefnið hefði auðveldað skólastarfið að þeirra mati.



**Mynd 4 – Fjöldi svarenda sem merkti við ofangreind svör við spurningunni „Hefur námsefnið auðveldað skólastarfið að einhverju leyti? Ef svo er, að hvaða leyti?“. Svarendur gátu merkt við fleiri en einn möguleika.**

Þrjátíu svarendur skildu eftir athugasemdir í opinni spurningu undir lok könnunarinnar þar sem þeir voru hvattir til að koma skoðunum sínum á framfæri. Margir lýstu ánægju með námsefnið og þökkðu fyrir að fá það til kennslu. Dæmi um jákvæðar athugasemdir voru:

„Fallegt og vel fram sett efni sem höfðar til barnanna“ og „Þetta er óskaplega fallett námsefni, það er auðvelt að koma sér inn í kennslu á efninu þar sem kennarar fá heildarpakka. Nemendur læra að orða tilfinningar sínar og tjá sig.“ Aðrir nefndu atriði sem þeim þótti betur mega fara, t.d. að námsefnið væri dálítið „amerískt“ og óþarfi væri að hafa mat á hverri kennslustund. Margir nefndu einnig að óþarflega mikið væri um endurtekningar í efninu og einn greindi frá því að erfitt væri að grísa í gegnum fylgiskjöl þar sem þau væru sitt á hvað í möppum. Sumir virtust nýta efnið fyrir nemendur á breiðu aldursbili (1.–4. bekk) og var upplifun kennara af því greinilega misjöfn. Þannig greindu sumir svarendur frá því að ekki gengi vel að kenna efnið meðal nemenda í 4. bekk en aðrir að það gengi einmitt vel að vinna með efnið meðal eldri nemenda þar sem þeir hefðu dýpri skilning á efninu. Þá tók einn svarenda fram að nemendur á yngsta stigi hefðu ekki þolinmæði í langar umræður eins og gert væri ráð fyrir en annar greindi frá því að börnin virtist þyrsta í umræður í tímunum.



## Samantekt

Niðurstöður þessarar könnunar sýna að námsefnið *Vinir Zippýs* er vel þekkt meðal kennara og skólastjórnenda í grunnskólum landsins. Svarendur frá 50 grunnskólum greindu frá því að enn væri verið að kenna námsefnið í skólanum og svipaður fjöldi greindi frá því að stefnt væri að því að nýta það áfram næsta vetur. Auk þess sýndu svarendur 18 skóla áhuga á því að kenna námsefnið þótt það hefði ekki verið gert hingað til.

Flestir þeirra sem höfðu reynt af námsefninu greindu frá ánægju með það, bæði meðal kennara og nemenda, og taldi helmingur svarenda að efnið hefði auðveldað skólastarfið, m.a. vegna þess að samskipti nemenda væru betri og börnin ættu auðveldara með að tjá sig. Í opnum spurningum komu þó fram ýmsar athugasemdir sem mætti nýta til þess að þróa og betrubæta námsefnið.

Þessar niðurstöður benda til þess að skynsamlegt sé að styðja við áframhaldandi nýtingu á *Vinum Zippýs* í grunnskólum landsins, að kennarar á yngsta stigi verði hvattir til að kynna sér það og haldið verði áfram að bjóða upp á námskeið í kennslu þess.

